



## Mötuneytisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

6. fundur mötuneytisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í fundarsal Kerhólsskóla, þriðjudaginn 31. október 2017 kl. 8:15.

Fundinn sátu:

Benedikt Gústavsson, formaður  
Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri  
Íris Anna Steinarrsdóttir, aðstoðarskólastjóri  
Arndís Anna Jakobsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar  
Ragna Björnsdóttir, fulltrúi grunnskóladeildar  
Andrés Terrý Nilsen, matreiðslumaður

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Íris Anna Steinarrsdóttir.

- *Upphaflega var þessi nefnd stofnuð vegna óánægju með matinn, sem er ekki núna.*
- *Það gengur mjög vel núna.*
- *Terrý og Rúna Dóra passa vel upp á það að hafa allan matinn sundurliðaðan og þannig borða þau betur. Það hefur gengið mjög vel.*
- *Eina sem Bensi heyrir er að það vantar meiri fjölbreytni í morgunkaffið og veit líka að það er erfitt að breyta því eitthvað mikið.*
- *Það eru alltaf ávextir með þannig að það eru allir að borða.*
- *Leikskólinn er mjög ánægður með matinn, vill bara fá meira af öllum matnum.*
  - *Skammta stærri skammta.*
- *Vantar meiri graut á morgnanna og meiri mjólk.*
  - *Hafa ávextina með morgunmatnum, á sama tíma. Eldhúsið þarf ekki að breyta neinu þar.*
- *Skipta salatínu í tvær skálar í hádeginu.*
  - *Börnin elska gúrkur og þurfa að fá meira af því.*
- *Leikskóladeildin borðar mjög vel.*
- *Núna í vikunni eru þrjú börn í aðlögun og þá koma foreldra með og borða í þrjá daga. Þannig að það verða auka átta manns út þessa vikuna.*
- *Bensi hefur ekki fengið neinar hringingar á þessu skólaári varðandi matinn, það er merki um að allir séu ánægðir.*
- *Halda áfram á sömu braut ☺*
- *Þrifaplanið.*
  - *Var það komið á.*
  - *Já, Terrý er að nota planið sem er niðri.*
  - *Þá er skráning á því hvenær á að þrifa hvað.*
- *Spurning hvort það sé of mikið af dóti inni í eldhúsinu, óþarfa skraut dóti, skeiðum og sleifum og þess háttar. Þarf kannski að fara í gegnum þetta og laga það?*
  - *Terrý skoðar þetta með Láru húsverði.*



**Mötuneytisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps**

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 9:00